



FUNDARGERÐ
36. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 7. maí 2025
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2025 - 2503077

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-mars 2025.

2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit 2025. - 2501053

Á fundinn mæta Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

3. Skóladagtöl 2025-2026 - 2503079

Lögð fram drög að skóladagatölum 2025-2026 fyrir skóla Odda bs.

Leikskólastjórar fóru yfir skóladagatöl leikskólanna. Skóladagatöl grunnskólanna lögð fram til kynningar.

4. Fræðsludagur 2025 - 2503017

Lögð fram tillaga um að haldinn verði sameiginlegur fræðsludagur fyrir starfsfólk Odda bs og annað starfsfólk sveitarfélaganna föstudaginn 22. ágúst n.k. kl. 11:00. Lagt til að gera ráð fyrir hálfum starfsdegi í þetta verkefni.

Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

5. Skólamál Meðferðarheimilisins Lækjarbakka - 2504060

Lögð fram beiðni frá BOFS um að gera samning við Grunnskólann á Hellu um 1,5 stöðugildi kennara og aðstöðu í Helluskóla fyrir skjólstæðinga Meðferðarheimilisins Lækjarbakka í Gunnarsholti.

Stjórn Odda tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra í samstarfi við

191

Grunnskólann á Hellu að ræða við BOFS um mögulegar útfærslur.

Samþykkt samhljóða.

6. Ráðning leikskólastjóra - 2504061

Lagt fram minnisblað frá Mögnum ráðgjöf vegna ráðningar leikskólastjóra á Laugalandi. Umsóknarfrestur rann út þann 30. apríl s.l. og sóttu tveir um starfið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

7. Námsleyfasjóður gunnskóla. Úthlutun 2025 - 2504057


Lagt fram til kynningar.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.



Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson


Sættir Sættir


Jón G. V. Jónsson